



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Yfirlit bókhaldslegs aðskilnaðar Íslandspósts árið 2018

Íslandspóstur ohf. (ÍSP) hefur í samræmi við ákvæði 18. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu og reglugerðar nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekinda afhent Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) kostnaðarlíkan ásamt ítarlegum sundurliðuðum bókhalds- og fjármálaupplýsingum vegna rekstrarársins 2018. Þar kemur fram að ÍSP aðgreinir í sínu bókhaldi tekjur og kostnað vegna einkaréttar frá annarri alþjónustu og þjónustu utan alþjónustu.

Kostnaðarlíkan ÍSP byggir á aðferðarfræði langtíma viðbótarkostnaðar (LRIC)¹, en um er að ræða svokallaða „top down“ LRAIC² útfærslu þar sem langtíma meðaltals viðbótarkostnaður er leiddur fram. Byggt er á sögulegum rekstrarkostnaði og notast við árgreiðsluáðferð þar sem ávöxtunarkrafa miðast við vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) vegna eigna sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu og tekið er tillit til metins líftíma við útreikninga á afskriftum. Framangreint er í samræmi við 4. mgr. 16. gr. laga nr. 19/2002 að verðlagning alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði.

Miðað er við að alþjónusta beri að mestu kostnað vegna dreifikerfisins, en samkeppni utan alþjónustu beri viðbótarkostnað í samræmi við notkun á dreifikerfinu. Það er sá kostnaður sem væri umflýjanlegur ef félagið hætti að bjóða upp á samkeppnisvörur utan alþjónustu. Aðferð við útteilingu kostnaðar í líkani ÍSP byggir að miklu leyti á kostnaðarreikningi sem félagið hefur þróað undanfarin ár.

PFS telur að kostnaðarlíkanið sem ÍSP lagði fram þann 1. mars 2019 vegna ársins 2018 byggir á viðurkenndri aðferðarfræði og sé í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 313/2005 og ákvörðun PFS nr. 18/2013 hvað varðar framkvæmd bókhaldslegs aðskilnaðar.

¹ LRIC er skammstöfun fyrir „Long-Run Incremental Cost“ eða langtíma viðbótarkostnað. Kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur.

² LRAIC er skammstöfun fyrir „Long-Run Average Incremental Cost“ eða langtíma meðaltals viðbótarkostnað. en þá er stuðst við meðaltals einingarkostnað. Með „top down“ er átt við að byggt er á sögulegum kostnaði viðkomandi fyrirtækis.

Samandregið yfirlit yfir tekjur og gjöld eftir starfsþáttum fyrir árið 2018 (þús. kr.):³

	Einkaréttur innan alþjónustu	Samkeppni innan alþjónustu	Samkeppni utan alþjónustu	Samtals
Tekjur	2.788.870	3.886.148	1.110.827	7.785.845
Gjöld	-2.735.960	-5.050.304	-917.615	-8.703.879
Afkoma starfsþátta	52.910	-1.164.156	193.212	-918.034
Afstemming við ársreikning:				
Reiknaðir fjármagnsliðir og afskriftir umfram bókfærðir				562.227
Afkoma dóttur- og hlutdeildarféлага				2.764
Annað				-11.734
Tekjuskattur				72.122
Afkoma ársins				-292.655

Í gjöldum einkaréttar er meðtalinn kostnaður sem samsvarar mati PFS á alþjónustubyrði sem einkarétti er heimilt að greiða niður vegna alþjónustu sem ekki fellur undir einkarétt í samræmi við 2. másl. 6. mgr. 16. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu. Á það við um „hefðbundinn alþjónustukostnað“ vegna útburðar í dreifbýli og rekstur afgreiðslunets eins og fram kom í ákvörðun PFS nr. 17/2015 um forsendur og niðurstöðu ÍSP á fjárhagslegri byrði vegna alþjónustuskyldna. Í ákvörðuninni kom fram hjá PFS að byrði vegna alþjónustu stafaði í meginatriðum af útburði í dreifbýli á bilinu 250-330 millj. kr. og vegna reksturs afgreiðslunets allt að 105 millj. kr., en aðrir þættir voru metnir óverulegir.

Frá því að ákvörðun PFS nr. 17/2015 var tekin, hefur hins vegar orðið sú breyting að hin „hefðbundna“ alþjónustubyrði hefur farið minnkandi eins og t.d. kom fram í ákvörðun PFS nr. 34/2015 um fækkun dreifingardaga í dreifbýli, en sú breyting skilaði um 200 millj. kr. lækkun kostnaðar á ársgrundvelli og þar með kostnaði einkaréttar vegna sparnaðar í útburði landpósta. Jafnframt hefur PFS samþykkt beiðni ÍSP um hagræðingu í afgreiðsluneti og því er það mat PFS að ekki sé lengur um byrði að ræða vegna afgreiðslunetsins.

Í staðinn hefur hins vegar komið upp vandamál í rekstri ÍSP vegna taps á erlendum póstsendingum sem hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Samkvæmt starfsþáttayfirliti ÍSP fyrir árið 2018 er tap félagsins vegna erlendra sendinga sem heyrir undir samkeppni innan alþjónustu 818 millj. kr. Tapið stafar einkum af óhagstæðum endastöðvasamningum sem ÍSP er bundið af á vettvangi Alþjóðapóstasambandsins (UPU) vegna skuldbindinga sem hvíla á íslenska ríkinu sem felur í sér alþjónustuskyldu sem ÍSP sinnir.

Álit PFS:

PFS byggir álit sitt á bókhaldslegum aðskilnaði hjá ÍSP á ársreikningi félagsins sem áritaður er af Ríkisendurskoðun, stjórn og forstjóra, yfirferð á kostnaðarlíkani ásamt forsendum og skýringum, gögnum úr bókhaldi ÍSP og upplýsingum sem stjórnendur fyrirtækisins hafa lagt fram sem rökstuðning fyrir bókhaldslegum aðskilnaði. Jafnframt hefur ÍSP lagt fram frekari upplýsingar og skýringar að beiðni PFS um ýmis atriði í bókhaldi félagsins vegna bókhaldslegs aðskilnaðar.

³ Í gjöldum er miðað við sögulegan kostnað að viðbættum reiknuðum kostnaði af fjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð á viðkomandi þjónustu. Beitt er árgreiðsluáðferð við útreikning árlegs fjárfestingarkostnaðar.

Í samræmi við fyrirmæli PFS í ákvörðun nr. 18/2013 hefur ÍSP lagt fram álitsgerð óháðs löggilts endurskoðunaraðila, dags. 29. apríl 2019, þar sem kemur fram að samræmi er á milli lýsingar ÍSP um það hvernig kostnaði er skipt og framkvæmdar á bókhaldslegum aðskilnaði félagsins á árinu 2018.

Með vísun til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu staðfestir PFS hér með að bókhald ÍSP vegna ársins 2018 er í samræmi við reglugerð nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda.